

Orðaskil – málþroskapróf

Sérkennslustjóri leggur *Orðaskil Málþroskapróf* fyrir foreldra allra barna í leikskólanum fyrir börn frá 18 mánaða til 3 ára. Orðaskil er málþroskapróf, sem er ætlað til að mæla orðaforða barnanna og vald þeirra á beygingarkerfi og setningagerð. Aldursviðmið fylgja prófinu og með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna teljist falla innan eðlilegra marka meðal jafnaldra. Með því að leggja listann fyrir foreldra allra barna er auðvelt að finna snemma börn sem sýna frávík miðað við jafnaldra og fylgja þeim vel eftir með hvatningu og leiðbeiningum til foreldra og kennara á kjörnum og hefja snemmtæka íhlutun fyrir en ella.

Þegar er byrjað að leggja Orðaskil er áætlað að það verði gert einu sinni á leikskólagöngu barns á bilinu 18 mánuða til 3 ára eins og fyrr segir. Ef barn mælist einu staðalfráviki eða meira frá meðaltali í orðaforða eða setningagerð jafnaldra er veitt viðeigandi íhlutun. Farið er yfir niðurstöður í foreldraviðtölum.